

skjölum hans fyrir bæjarþinginu, er þar voru dæmd ómerk. Og með því að yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins, ber að staðfesta dóm þenna að öllu leyti.

Eftir úrslitum málsins ber áfryjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem þykir hæfilega metinn 30 krónur.

Því dæmist rétt vera;

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfryjandi Jón kaupmaður Jónsson greiði stefnda cand. jur. Eggert Claessen f. h. M. Weyergangs timbur-sala í Mandal 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Nr. 5/1906:

Kristín Árnadóttir

gegn

Stefáni umboðsmanni Stephensen f. h.

H. B. Fogtmanns Efterfølger í Khöfn.

D ó m u r:

I máli þessu lögsótti í héraði stefndi, Stefán umboðsmaður Stephensen fyrir hönd verzlunarhússins H. B. Fogtmanns Efterfølger í Khöfn áfryjandann Kristínu Árnadóttur, sem tekið hefir að sér sem einasti erfingi

verzlun og eignir Árna heitins Péturssonar á Oddeyri eftir hann látinn, til greiðslu á skuld, er greint verzlunarhlús taldi til hjá verzlun Árna heitins, og gekk dómur í málinu fyrir aukarétti Akureyrarkaupstaðar 22. ág. f. á. á þá leið, að áfryjandi skyldi greiða stefnda kröfu hans alla, 881 kr. 35 a. með vöxtum 6⁰/₀ p. a. frá 1. jan. til 20. febr. 1905 af 1130 kr. 88 a., frá 20. febr. til 10. apr. s. á. af 928 kr. 60 a., og frá 10 apr. til borgunardags af 881 kr. 35 a. Svo skyldi og áfryjandi greiða stefnda í málskostnað 30 krónur.

Dómi þessum hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 25. jan. þ. á. og krafist þess, að hún verði algjörlega sýknuð af kærum og kröfum stefnda í málinu, en til vara, að hún með engu móti verði dæmd til að greiða stefnda meira en 494 kr. 30 a. sem andvirði fyrir salt og tunnur og ekki meira en 48 kr. fyrir ferð V. Langes til Oddeyrar eða önnur hæfileg daglaun í 12 daga eftir mati réttarins. Svo krefst hún og þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati réttarins.

Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfryjandi dæmd í málskostnað eftir mati réttarins.

Verzlunarhúsið H. B. Fogtmanns Eftirfølger hafði um nokkurt árabíl umboðsmensku í Khöfn á hendi fyrir verzlun Árna heitins Péturssonar á Oddeyri og var Árni kominn í töluverða skuld við Fogtmann, svo að hún nam hátt á 18. þúsund krónum 1. jan. 1904. En í okt. 1903 brann hús Árna og vörur mestallar og borgaðist því skuldin til Fogtmauns að mestu leyti með

vátryggingarféðu snemma á næsta ári, svo að skuldin er af Fogtmanntalin hafa verið 20. febr. 1904 1204 kr. 13 a. Viðskiftin við Árna Pétursson voru þá hætt, en eftir lát hans, sem bar að í ágúst s. á., var borgað upp í skuldina 73 kr. 25 a. svo að eftir stóðu 1. jan. 1905 1130 kr. 88 a. og 20. febr. 1905 voru greiddar 202 kr. 28 a. svo að skuldin varð 928 kr. 60 a. og loks 10. apr. s. á. greiddi áfrýjandi 47 kr. 25 a. og var þá eftir upphæð sú, sem aukaréttardómurinn dæmir áfrýjanda til að greiða stefnda, 881 kr. 35 a.

Upphæð þessa, 881 kr. 35 a., telur áfrýjandi sér ekki skylt að greiða og er málið risið út af henni. Eru það 3 liðir í reikningum stefnda, sem samantaldir gjöra upphæð þessa, og neitar áfrýjandi réttmæti þeirra. Fyrsti liðurinn er 600 kr., er stefndi hefir talið áfrýjanda til skuldar fyrir 30 tunnur með salti og 70 tómar tunnur, er stefndi sendi Árna Péturssyni í desbr. 1903. Annar liðurinn er 250 kr., er stefndi telur til sem hluttöku í ferðakostnaði manns, V. Lange, er hann sendi frá Khöfn til Oddeyrar til að gjöra upp skaðann á húsi og vörum, þegar brann hjá Árna Péturssyni 1903, og útbúa skilríki um skaðann, til þess að fá brunabæturnar greiddar af vátryggingarfélaginu. 3. liðurinn eru vextir af skuld Árna Péturssonar hjá stefnda til 1. jan. 1904 32 kr. 85 a.

Aftur viðurkennir stefndi að vantaldar hafi verið áfrýjanda til inntektar 1 kr. 50 a., sem því dregst frá skuld hans, og kemur þá fram dómkratan 881 kr. 35 a.

Viðvíkjandi fyrsta ágreiningsatriðinu, 600 kr. fyrir salt og tunnur, þá er það upplýst, að stefndi sendi saltið og tunnurnar til Oddeyrar með sama skipinu og

nokkrar aðrar vörur, er Árni heitinn Pétursson hafði pantað hjá honum og tók Árni við saltinu og tunnunum af umboðsmanni stefnda, fyrnefndum V. Lange, og tók við því eftir vottun Langes, sem öðrum vörum er hann fekk frá stefnda, og síðar lánaði hann nokkuð af saltinu manni þar í bænum. Áfrýjandi hefir viljað halda því fram, að Árni Pétursson hafi að eins tekið við saltinu og tunnunum til umboðssölu fyrir stefnda, en það er ekkert, sem styður þá staðhæfingu hennar. Þvert á móti virðist Árni Pétursson í bréfi 30. des. 1903 hafa viðurkennt móttökuna og þakkað stefnda eins fyrir saltið og tunnurnar eins og aðrar pantaðar vörur, er hann meðtók með sama skipi, og ekki fann hann neitt að því, að stefndi taldi honum saltið og tunnurnar til skuldar skömmu síðar. Það verður því að álíta að Árni Pétursson hafi þegið saltið og tunnurnar sem lán frá stefnda, sem aðrar vörur, er hann útvegaði honum og með því verði, er stefndi setti á þær og að áfrýjandi geti því eigi komist hjá því að greiða umræddar 600 kr.

Að því er snertir 2. liðinn, 250 kr. fyrir ferð oftnefnds V. Lange til að gjöra upp brunaskaðann hjá Árna Péturssyni, þá tók stefndi það að visu upp hjá sjálfum sér að senda mann þenna, en Árni Pétursson hafði í bréfi 25. okt 1903 beðið stefnda að gjöra það er hann álitir bezt til að ná inn váttryggingarupphæðinni og hann lýsti sig í öðru bréfi til stefnda dags. 30. des. 1903 mjög ánægðan með starf Langes, enda virðist það hafa borið góðan árangur og orðið til að flýta útborgun brunabótafjárins. Árni Pétursson fann heldur ekki neitt að því, þótt stefndi færði nefndar 250 kr. til skuldar honum í næsta reikningi, er stefndi sendi honum,

og virðist Árni með þeirri þögn sinni hafa samþykkt upp hæðina, og getur þá áfryjandi ekki komist hjá að borga hana.

Um 3. liðinn, vexti af skuld Árna Péturssonar til 1. jan. 1904, 32 kr. 85 a., er aftur öðru máli að gegna. Stefndi hafði aldrei tekið eða áskilið sér vexti af skuld Árna Péturssonar hjá honum, enda virðist stefndi hafa talið sér fyrst þessa vaxtaupphæð í reikningum þeim, er hann hefir látið leggja fram í málinu. Áfryjandi verður því eigi skylduð til að greiða téða upphæð. Samkvæmt framansögðu ber að dæma áfryjanda til að greiða stefnda hinar umkröfðu 881 kr. 35 a. að frádegnum 32 kr. 85 a. eða 848 kr. 50 a. ásamt 6% vöxtum af 1098 kr. 03 a. frá sáttakærudegi 9. jan. 1905 til 20. febr. s. á., af 895 kr. 75 a. frá 20. febr. 1905 til 10. apr. s. á., og af 848 kr. 50 a. frá 10. apr. 1905 til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum réttum virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandinn, Kristín Árnadóttir á Oddeyri, greiði stefnda Stefáni umboðsmanni Stephensen fyrir hönd H. B. Fogtmanns Efterfölgers í Kaupmannahöfn 848 kr. 50 a. ásamt 6% vöztum af 1098 kr. 03 a. frá 9. jan. 1905 til 20. febr. s. á., af 895 kr. 75 a. frá 20. febr. 1905 til 10. apr. s. á., og af 848 kr. 50 a. frá 10. apr. 1905 til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

